

Nd.

134. Frumvarp til laga

[83. mál]

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

11. gr. laganna orðist þannig:

Kjörskrár til bæjarstjórnar- og hreppsnefndarkosninga semja bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í hreppum. Skulu kjörskrár samdar í desembermánuði ár hvert. Sérstaka kjörskrá skal semja fyrir hverja kjördeild. Kjörskrár gilda frá 1. janúar til 31. desember næsta ár eftir að þær eru samdar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Í þeim kaupstöðum og hreppum, þar sem bæjarstjórnir eða hreppsnefndir á að kjósa í janúar 1958, ber að kjósa eftir þeim kjörskrá, sem samdar voru í febrúar 1957. En skylt er þar að taka á aukakjörskrá þá kjósendur, sem fengið hafa lögheimili í kaupstaðnum eða hreppnum frá því í febrúar 1957 til loka þess árs eða hafa ekki verið teknir á kjörskrá af vangá. Þegar kjósendur hafa á þennan hátt verið teknir á aukakjörskrá, ber bæjarstjórn eða hreppsnefnd að tilkynna það því sveitarfélagi, sem kjósendurnir fluttust úr, svo að hægt sé að strika þá út af kjörskrá þar. Í öðrum hreppum ber að semja kjörskrár í janúarmánuði 1958, og gilda þær fyrir það almanaksár.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar, á að semja kjörskrá í febrúar ár hvert, og miðast atkvæðisréttur við heimilisfang á þeim tíma. Í kaupstöðum og kaupþúnum fer kosning bæjarstjórna og hreppsnefnda fram undir lok janúarmánaðar. Kjörskrá, sem kosið er eftir, er þá orðin meir en 11 mánaða gömul. Allir þeir kjósendur, sem flutzt hafa inn í þessi bæjar- og sveitarfélög á þessu tímabili, eru því á kjörskrá þar, sem þeir bjuggu áður, þar sem engin heimild er til að taka þetta fólk á aukakjörskrá, enda ekki gert ráð fyrir henni samkvæmt lögnum. Þetta hefur haft og hefur þau áhrif, að margir kjósendur missa alveg atkvæðisrétt við kosningar á því ári, sem þeir flytjast milli sveitarfélaga. Þessu er þannig háttað, að kjósendur, sem flytjast úr sveitahreppi í kaupþún eða kaupstað á tímabilinu febrúar til janúar næst á eftir, fást ekki teknir á kjörskrá í því sveitarfélagi, sem þeir flytjast í, fyrr en eftir kosningar þar. Í þeirra fyrri heimilissveit fara kosningar hins vegar ekki fram fyrr en í júnímánuði næst á eftir, og þá eru mennirnir komnir út af kjörskrá þar. Á þennan hátt missir fjöldi manna atkvæðisrétt, því að flestir, sem flytjast á milli, færa heimilisfang sitt um áramót. Flutningarnir eru líka langmestir úr sveitum til kaupstaða og kaupþúna. Að svipta menn atkvæðisrétti á þennan hátt með fráleitum kosningalögum er með öllu óviðunandi. Þar að auki er miklu eðlilegra, að þeir kjósendur, sem flytjast milli kaupstaða eða kaupþúna, kjósi þar, sem þeir eiga heima, þá er kosning fer fram.

Af þessum orsökum er þetta frumvarp flutt. Það er byggt á því, að atkvæðisréttur á þessu sviði miðist við það, hvar kjósendur eiga heima um áramót, og kjörskrár allar gildi almanaksárið.

Þá undantekningu verður þó að gera í fyrsta sinn, meðan þetta er að komast á, að þeir kjósendur, sem flutzt hafa milli sveitarfélaga á tímabilinu febrúar 1957 og til loka þess árs, séu teknir á aukakjörskrá í því sveitarfélagi, sem þeir hafa flutt í, ef þar á að kjósa bæjarstjórn eða hreppsnefnd í janúar 1958, og þá verður að fella þá út af kjörskrá í því sveitarfélagi, sem þeir fluttust úr.

Í sveitahreppum, þar sem á að kjósa í júní 1958, leggur þetta sig sjálft. Þar yrði kjörskráin fyrir 1958 samín í janúar það ár og á hana þeir einir teknir, sem þá eiga lögheimili innan hrepps.